



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 141/1970*  
*komudagur 18.3.2013*

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 18. mars 2013

1210007SA GB  
Málalykill: 401

### **Efni: Umsögn um frv. um breytingu á vatnalögum o.fl., 634. mál**

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 14. mars sl., þar sem óskað er umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint þingmál.

Meginefni frumvarpsins lýtur að því að útvíkka gildissvið vatnalaga nr. 15/1923, þannig að þau nái einnig til grunnvatns. Samband íslenskra sveitarfélaga gerir ekki athugasemd við þá löggjafarstefnu og er að áliti sambandsins eðlilegt að lögin gildi einnig um grunnvatn og nýtingu þess.

Sambandið vill jafnframt nota tækifærið til að áréttta afstöðu sína um afmörkun hugsanlegrar þjóðareignar á vatnsréttindum, sem kemur fram í minnisblaði sem sambandið sendi stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis í janúar sl. Í minnisblaðinu er m.a. fjallað um breytingu sem sérfræðingahópur lagði til á 34. gr. frumvarps til stjórnskipunarlaga, sbr. 415. mál, þess efnis að tala í 1. mgr. 34. gr. um „Auðlindir í náttúru Íslands sem ekki eru háðar einkaeignarrétti“.

Sambandið vill undirstrika að ef tekið verður upp ákvæði í stjórnarskrá um þjóðareign á náttúruauðlindum verði þess gætt að fylgja því orðalagi sem sérfræðingahópurinn lagði til, og forðast jafnframt að nota orðalagið „auðlindir í einkaeigu“ í því samhengi. Um nánari rökstuðning vísast til skýringa við frumvarp meirihluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.

Jafnframt vill sambandið benda á að í umfjöllun Alþingis um sömu grein frumvarps til stjórnskipunarlaga hafa komið fram tillögur sem fela í sér eignaupptöku á vatnsréttindum sveitarfélaga, þ.e. með því að heimila lagasetningu um afmörkun þjóðareignar undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar. Um þetta vísast m.a. til breytingartillögu við 641. mál á þingskjali 1278.<sup>1</sup> Verður ekki annað séð en að í lokamálslið 4. mgr. þeirrar tillögu felist áform um að færa yfirráðarétt hitavatnsauðlinda sem nú eru í eigu sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu í hendur ríkisins.

Í þessu samhengi vill sambandið benda á að árið 2008 samþykkti Alþingi lög um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, nr. 58/2008. Samkvæmt þeim lögum eru vatnsauðlindir ríkis og sveitarfélaga og fyrirtækja í eigu þessara aðila settar undir sama hatt, þ.e.a.s. að bann er lagt við varanlegu framsali þessara auðlinda. Þessi lagasetning virðist oft gleymast í umræðu um hugtakið þjóðareign á vatnsauðlindum en af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga er hér með árétttað að engin þörf er á því að færa

<sup>1</sup> <http://www.althingi.is/alttext/141/s/1278.html>



eignarhald á vatnsauðlindum sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra til ríkisins. Hljóta sveitarfélögin þvert á móti að gera þá kröfu að hugsanlegt stjórnarskrárákvæði um þjóðareign á vatnsauðlindum hrófli í engu við eignarhaldi sveitarfélaga á slíkum auðlindum.

Í öðru lagi er í 4. gr. frumvarpsins lögð til breyting á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, sem hefur það markmið að tryggja að hægt verði að veita rannsóknaleyfi á strandsvæðum, jafnt innan sem utan netlaga, til undirbúnings raforkuvinnslu. Breytingin hefur að áliti sambandsins jákvæð áhrif gagnvart undirbúningi fyrir hugsanlegar sjávarfallavirkjanir og styður sambandið þá breytingu sem felst í greininni.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða leggst sambandið ekki gegn samþykkt fyrirliggjandi frumvarps á þingskjal 1110, 634. máli.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri

Afrit:  
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis v. 641. máls.